



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	ANR17020190 Innleiðing tilskipunar 2015/2302 um alferðir og ferðapakka
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti Heimir Skarphéðinsson
Innleiðing EES- gerðar?	☒ Já ☐ Nei
Dags.	8. desember 2017

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Þann 25. nóvember 2015 var í Evrópusambandinu samþykkt ný tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun 2015/2302/ESB. Tilskipunin kemur í stað eldri tilskipunar ráðsins 90/314/EBE. Sú tilskipun var innleidd hér á landi með lögum um alferðir, nr. 80/1994. Tilskipun 2015/2302/ESB var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2017, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd). Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með stjórnskipulegum fyrirvara skv. 103. gr. EES-samningsins, sbr. 21. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem lagastoð skorti. Á þingmálaskrá utanríkisráðherra er tillaga til þingsályktunar um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2017 og um afléttingu stjórnskipulegs fyrirvara.

Ísland er skuldbundið að þjóðarétti skv. 7. gr. EES-samningsins til að taka upp í landsrétt gerðir sem samþykktar hafa verið af sameiginlegu EES-nefndinni.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að setja nýja löggjöf til innleiðingar á tilskipun 2015/2302/ESB sem tryggir fulla og rétta innleiðingu tilskipunarinnar og brottfalls laga um alferðir, nr. 80/1994.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Tilskipun 2015/2302/ESB kveður á um mun víðtækari neytendavernd en eldri tilskipun 90/314/EBE. Gildissvið nýju tilskipunarinnar er rýmra að því leyti að fleiri samsetningar á ferðum geta fallið undir hana. Auk þess er kveðið á um gagnkvæma viðurkenningur á tryggingarkerfum aðildarríkja sem ekki er í eldri tilskipuninni.

4.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Málefnasvið 16. Að íslenskt atvinnulíf sé samkeppnishæft við erlent og sem byggir á efnahagslegu, umhverfislegu og samfélagslegu jafnvægi. Mikilvægt er að á Íslandi gildi sömu reglur og fyrir fyrirtæki annars á EES-svæðinu. Samræmdar reglur leiða til aukins trúverðugleika, skapaviðskiptatækifæri fyrir innlend fyrirtæki erlendis og auðvelda þátttöku erlendra fyrirtækja á innlendum markaði sem leiði til aukinnar samkeppni og hagkvæmni í rekstri.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Aukin neytendavernd og skilvirk stjórnsýsla.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Tilskipun 2015/2302/ESB hefur verið tekið upp í XIX. viðauka EES-samningsins og það leiðir af 7. gr.

EES-samningsins að Ísland er skuldbundið til að innleiða tilskipunina á viðunandi hátt.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Aðrar leiðir en lagasetning til innleiðingar á tilskipuninni koma ekki til álita.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Tilskipun 2015/2302/ESB hefur í för með sér það mörg nýmæli að ekki er talið tækt annað en að setja ný heildarlög frekar en að breyta eldri lögum.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Lagt er til að sett verði ný heildarlög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Tilskipun 2015/2302/ESB hefur að geyma töluvert af nýmælum auk breyttrar hugtakanotkunar frá eldri tilskipun. Farsælast er því að setja ný heildarlög og fella þau eldri úr gildi, sem er sama leið og farin var hjá ESB við samþykkt tilskipunarinnar.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Setning nýrra heildarlaga og brottfall laga um alferðir, nr. 80/1994. Gildissvið nýrra laga verður rýmra en eldri þar sem fleiri tegundir pakkaferða mun falla undir auk þess sem samtengd ferðatilhögun mun einnig falla þar undir. Samtengd ferðatilhögun telst það t.d. þegar neytendur kaupa tvenns konar þjónustu af tveimur mismunandi ferðaþjónustuaðilum sem telst ekki ferðapakki en mun þó njóta ákveðinnar verndar. Upplýsingaskylda seljenda er aukin auk þess sem ákvæði um upplýsingagjöf taka mið af þróun í rafrænum viðskiptum á netinu þar sem flestar pakkaferðir eru nú seldar í gegnum netið en eldri löggjöf miðaðist við að upplýsingar yrðu almennt veittar neytanda í persónu eða á pappír. Skýrt er hvenær tiltekinn aðili ber ábyrgð gagnvart neytanda, t.d. ferðaskipuleggjandi, seljandi eða smásali, í tilteknum tilvikum. Skýr ákvæði um afbókun ferðar. Þá felur nýja tilskipunin í sér gagnkvæma viðurkenningu á tryggingarkerfum sem komið er upp í aðildarríkjum á grundvelli tilskipunarinnar sem mun fela í sér aukna möguleika fyrir ferðaþjónustuaðila til viðskipta yfir landamæri.

3.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Já, þjóðréttarskuldbindinga. Ísland er skuldbundið að þjóðarétti skv. EES-samningnum til að taka tilskipunina upp í landsrétt.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei.

4.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Ferðaþjónustuaðilar, sérstaklega ferðaskrifstofur sem selja pakkaferðir. Neytendur, Ferðamálastofa og Neytendastofa.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Nei.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Haldinn var kynningarfundur í ANR 15. júní 2017 þar sem hagsmunaaðilum var kynnt gerðin.

4. Fyrirhugað samráð

Drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun verða kynnt til

umsagnar á vef ráðuneytisins þegar þau liggja fyrir.

5.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Óveruleg fjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð.

Gerðin felur í sér aukna neytendavernd og samræmd samkeppnisskilyrði aðila sem selja pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun á EES-svæðinu. Eykur möguleika á að veita þjónustu yfir landamæri. Nokkuð flóknar efnisreglur sem er fyrirséð að veita þurfi aðilum á markaði leiðbeiningar um.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Já. Gert er ráð fyrir því að drög að frumvarpi verði kynnt í febrúar 2018.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Miðað er við að frumvarpið verði að lögum á vorþingi 2018 og taki gildi 1. júlí 2018 eða á sama tíma og tilskipunin tekur gildi innan ESB.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Engar frekari forsendur eru nauðsynlegar.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Ekki hefur verið hugað að mælikvörðum á árangri og útkomu á þessu stigi.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Nei – ekki á þessu stigi.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum